

Nd.

146. Nefndarállt

um frv. til laga um fræðslu barna.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir orðið ásátt um að leggja til við hv. deild, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem síðar verða taldar.

Frv. er að mestu leyti samið af millipinganefnd, er skipuð var 1920 til að gera tillögur um skólamálin. Helstu breytingar frá núgildandi lögum, sem það felur í sjer, eru þessar:

1. Ákvæðunum um kenslu í kristnum fræðum er breytt í það horf, að skólunum er falin hin sögulega kristindómsfræðsla og sjerstök áhersla lögð á líf og kenningu Krists, og skal lögð áhersla á, að börnin hugfesti sjer einkum orð hans og hafi þau rjett eftir. Nú er kristindómsfræðslan í skólunum miðuð við fermingarundirbúning. En það verður að teljast kostur, að gera glögga verka-skifting milli presta og kennara, og hafi þá kennararnir með höndum hina sögulegu kristindómsfræðslu, en prestarnir trúfræðina. Landafræði og náttúrufræði er hjer tekin upp í lágmarkskröfurnar, og veldur það lítilli breytingu frá því, sem nú á sjer stað, því nær alstaðar munu þessar námsgreinar kendar, þó ekki sje skylt að lögum. Teikning hefir til þessa ekki verið lögboðin námsgrein, en þá grein mun börnum yfirleitt ljúft að stunda, og allflestum kennurum kleift að veita þá tilsögn, sem þarf.

2. Skiftingin í skóla- og fræðsluhjeruð er af tekin, enda hefir hún valdið nokkrum örðugleikum þar, sem skóla- og fræðsluhjerað er í sama hreppi. Að öðru leyti er hjer fremur um orðabreyting en skipulagsbreyting að ræða.

3. Skólaskyldualdur skal miða við nýár; bót er að því að taka til ákveðið tímatakmark, sem skólaskylda sje miðuð við, og er hjer farið bil beggja.

4. Greiða skal úr ríkissjóði þriðjung kostnaðar við að reisa barnaskóla-hús utan kaupstaða, og alt að helmingi, ef nm heimavistarskóla er að ræða. Hið fyrra hefir tíðkast lengst af hingað til samkvæmt fjárlögum, en hið síðara er borið fram til að ýta heldur undir, að heimavistarskólar sjeu settir, enda hlýtur kostnaður af þeim að verða meiri fyrir hjeruðin.

5. Það er nýmæli, að prófa skuli börn innan skólaskyldualdurs, þau er heimakenslu njóta. Mun það nauðsynlegt barnanna vegna og heimafræðslunnar sjálftrar, enda er og þörf á að tryggja sem best hæfilegan undirbúning undir skólavistina, svo hún geti orðið að tilælluðum notum.

6. Nú eru prestar sjálfkjörnir prófdómendur, en rjett er, að fræðslumálastjórnin, sem ber aðalábyrgð á eftirlitinu með barnafræðslunni, sje óbundin í vali prófdómenda.

7. Formenn skólanefnda skal fræðslumálastjórnin skipæ; er það án efa heppilega ráðið, að fræðslumálastjórnin eigi fulltrúa í skólanefndunum. Oft hefir verið kvartað um, og ekki að ástæðulausu, að skólanefndarmenn væru meir valdir af sparnaðarástæðum en af fræðslumálaáhuga. Hamlar þetta fyrirkomnlag

móti því, þar sem slíkt er að óttast, enda tryggir það betur en áður náð samband milli skólanefnda og fræðslumálastjórnar, en á því er mikil nauðsyn.

Ern þá talin aðalatriðin, og þá slept ýmsum minni háttar breytingum, sem þó er bót að. Virðist nefndinni í frv. gerðar þær breytingar, sem hægt er að gera án mikillar röskunar á núverandi skipulagi og aukins kostnaðar. Ýmsar þær umbætur á barnafræðslunni, sem helst kalla að, eru uppeldisfræðilegs eðlis og snerta ekki hina almennu löggjöf um barnafræðsluna.

Skal að lokum stuttlega gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar.

1. a. Engin nauðsyn er að tilgreina leturgerð lesbóka, enda mun nú vart hægt að prenta bækur hjer á landi með gotnesku letri. Er það og fljótlært þegar þörfin kallar að.

1. b. Ekki er ástæða til að tilgreina nánar stærð kenslubókar í kristnum fræðum en öðrum námsgreinum. Slíkt er ekki löggjafaratriði. Rjett virðist og að gera biblíusögur jafnrjettháar barnabíblíum.

1. c. Þarf ekki skýringar.

1. d. Óþarft er að tilgreina, með hvaða hætti teikning skuli kend. Kensluáferðir eru ekki löggjafaratriði.

1. e. Óviðfeldið er að taka upp í fræðslulög skyldur heimilanna aðrar en þær, sem að bókfræðum lúta, eða það, sem heimavistarskólum einum hæfir.

2. a. Þar sem farkensla verður sökum strjálbýlis að fara fram á þrem stöðum í skólahjæraði, mundi skilyrðislaus 12 vikna kensla bindra það, að komist verði af með einn kennara, og er ekki óttalaust, að það mundi í fámennum hreppum verða fremur til þess, að farkenslan fjelli niður en að fjölgað væri kennurum.

2. b. Rjett er, að þau skólahjæruð, sem sjeð geta fyrir fullnægjandi fræðslu án farkennara, haldi undanþágu þeirri, er veitt var með lögum nr. 36 frá 1922. Svo ólíkt hagar til í hinum ýmsu sveitum landsins, að fræðslulög verða að hafa nokkra teygju. En teygjan verður og að geta krept að þeim, sem vanrækja barnafræðsluna, á sama hátt og hún rýmkar til fyrir þeim, sem undanþágunni eru vaxnir. Fræðslumálastjórnin þarf að hafa vald til að rjetta hlut vanræktra barna, og er brtt. þessi því hliðstæð ákvæðum 10. og 11. greinar. Er þessa því fremur þörf, þar sem bryddað hefir á, að sum þau sveitarfjelög, sem sist skyldi, hafa fært sjer í nyt undanþáguna. Svo má skilja ákvæði 9. greinar, að i henni felist efni þessarar brtt., en rjett er þó að taka af allan vafa um þetta, enda getur enginn við því amast, nema tilgangur undanþágunnar eigi að vera sá, að draga úr fræðslu-kröfunum, en það riður í bága við anda og bókstaf gildandi laga og sjálfsagða mannúð.

3. Orðabreyting.

4. Orðabreyting.

5. Rjett er, að ríkissjóðstillag þurfi ekki að standa í vegi fyrir nauðsynlegum skólabyggingum, enda engin hætta á, að kröfurnar verði ríkissjóði óþægi-legalar, þar sem nú eru komin upp skóláhús á allflestum stöðum, þar sem hægt er að hafa heimangönguskóla. Átkvæði nefndarmanna eru óbundin um þessa tillögu.

6. a. Leiðir af sjálfu sjer.

6. b. Í sveitum er rjettara að miða prófdómarastörf við dagsverk en stundafjölda.

6. c. Rjett er, að ríkissjóður beri kostnað af prófdómarastörfum, þar sem það er löggjafarvaldið, sem leggur á skólaskylduna, og eftirlitið er í höndum fræðslumálastjórnarinnar, enda hefir svo verið.

7. Ef skólanefnd sjer vanræktu barni fyrir »nægilegri tilsögn« samkv. 19. gr., blýtur það að hafa öðlast »bina lögskipuðu kunnáttu« fyrir 15 ára aldur, nema það sje »óhæft til hins lögbæðna náms sakir andlegs eða líkamlegs vanþroska eða vanheilsu«.

8. a. Óþarft er, að kennari sitji sjálfur í skólanefnd, því hann er að sjálfstöðu ráðunautur skólanefndar um allt það, sem að skóla og kenslu lýtur. Í sveitum og kaптúnunum mun sumpart óþarft og sumpart til óþæginda, að fleiri sitji í skólanefnd en þrjú menn. Almennri kosning skólanefndarmanna er hægra að koma fyrir í fámenni og líklegra til góðs þar, sem hver þekkir annan, en í fjölmenni og flokkaskifting kaupstaðanna, og fer því best á, að almenningur í sveitum, en bæjarstjórnir í kaupstöðum kjósi skólanefndarmenn, aðra en formann, sem fræðslumálastjórn útnefnir.

8. b. Leiðir af næstu brtt. á undan.

9. Sömnleiðis.

10. a. Orðabreyting.

10. b. Í kaupstöðum eru reikningar barnafræðslunnar það umfangsmiklir, að ofætlun er ólaunuðum skólanefndarformanni að annast reikningsfærsluna.

Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með svofeldum

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.

a. Orðin »latneskt letur og gotneskt« í 1. tölul. falli niður.

b. Í stað orðanna »sem svarar 300 bls. í 8 bl. broti« í 3. tölul. komi: eða biblíusögur.

c. Aftan við sama tölul. bætist:

kunna skal barnið utanbókar nokkra valda sálma.

d. Orðin »af hlutum eða hugsar sjer« í 9. tölul. falli niður.

e. 10. tölul. falli niður.

2. Við 7. gr.

a. Á eftir orðunum » veiti undanþágu« komi ný málsgrein:

Þó er fræðslumálastjóra heimilt að leyfa 8 vikna kenslu á ári fyrir hvert barn í þeim skólahjeruðum, þar sem farkenslu er þrískift.

b. Aftan við greinina bætist:

Sýni prófin í einhverju skólahjeraði, sem þetta kenslulag hefir, að fræðslan sje ekki fullnægjandi, er fræðslumálastjórninni skylt að ákveða skólaskyldu í því hjeraði.

3. Við 9. gr.

Í stað orðanna »þykist hafa« í fyrsta málslið komi: fær.

4. Við 10. gr.
Fyrir »yfirstjórninni« í annari málsgrein, og annarsstaðar í frv., þar sem er nefnd »yfirstjórn« eða »yfirstjórn fræðslumála«, komi: fræðslumálastjórninni.
5. Við 14. gr.
Orðin »af því tje, er til þess er veitt í fjárlögum ár hvert« falli niður.
6. Við 18. gr.
 - a. Aftan við fyrstu málsgrein bætist:
skal hann hafa sömu laun og prófdómendur.
 - b. Í stað orðanna »fyrir hverjar 10 stundir« í annari málsgrein komi: í dagpeninga.
 - c. Í stað orðanna »hlutaðeigandi bæjarsjóði eða sveitar« í lok annarar málsgreinar komi: ríkissjóði.
7. Við 20. gr.
Í stað orðanna »að koma fullra 16 ára« komi: að koma til prófs á næsta ári.
8. Við 24. gr.
 - a. Fyrsta málsgrein orðist svo:
Í skólanefnd eiga sæti 3 menn í hreppsfjelögum, en 5 í kaupstöðum. Skipar fræðslumálastjórnin formann nefndarinnar. Í kaupstöðum kys bæjarstjórn 4 skólanefndarmenn, en í hreppsfjelögum skulu 2 skólanefndarmenn ásamt varamönnum kosnir af þeim skólabjæraðsmönnum, er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum, og fer sú kosning fram á sama hátt og þá kosið er til hreppsnefndar, og samtímis, þegar því verður við komið.
 - b. Í stað orðanna »að hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, kjósa einn mann saman, en hver hreppur« í síðari málslið komi: að hreppur kys.
9. Við 25. gr.
Orðin »nema kennarinn, þar sem ekki er um annan að velja« falli niður.
10. Við 29. gr.
 - a. Orðið »semur« í öðrum málslið fellur niður.
 - b. Í stað síðasta málsliðs komi:
Formaður skólanefndar utan kaupstaða heldur reikning yfir tekjur og gjöld barnafræðslunnar í skólabjæraðinu ár hvert, og skal reikningurinn endurskoðaður af hreppsnefnd. Reikningar barnafræðslunnar skulu sendir fræðslumálastjórninni í afriti.

Alþingi, 12. mars 1926.

Magnús Jónsson,
form.

Ásgeir Ásgeirsson,
fundaskrifari, frsm.

Sigurj. Jónsson. Þórarinn Jónsson. Bernh. Stefánsson.